

um rannsókn á byggingarkostnaði í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og samantalið á byggingarkostnaði húsa í kaupstöðum og kauptúnum. Sé rannsóknin við það miðuð að leiða í ljós, hvað veldur þeim mismun, sem er á byggingarkostnaðinum, hvaða liðir hans eru óþarflega háir, hvernig megi lækka þá liði og hve mikil kostnaðarlækkun gæti orðið að því að taka upp nýjar byggingaraðferðir og notkun nýrra byggingarefna.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur hér á landi verið mikið um húsabyggingar. Byggt hefur verið af ríkri nauðsyn, sem orsakast annars vegar af því, að þjóðin bjó yfirleitt við lélegt húsnæði, sem þurft hefur að bæta um, og hins vegar af því, að fólkinu hefur fjölgað. Húsnæði er eitt af frumþörfum manna. Kostnaður við byggingar hefur að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir þá, sem hlut eiga að máli, en jafnframt almenna þýðingu, bæði á þeim tíma, sem byggt er á, og lengi eftir það.

Byggingarkostnaður hefur orðið mjög misjafn hér á landi. Í sveitum hefur þessi kostnaður yfirleitt verið lægri en í kaupstöðum. Kemur það m. a. af því, eins og með smáíbúðahúsin svonefndu, að menn hafa lagt eigin vinnu í hús sín og ekki reiknað hana sem bein útgjöld vegna bygginganna.

En nú hefur nýlega verið opinberlega skýrt frá húsabyggingum í kaupstað hér á landi, sem hafa kostað mun minna en yfirleitt þekkist á öðrum slíkum stöðum, og var þó verkið allt framkvæmt af fagmönnum, sem telja sig hafa haft sæmilega tekjur af því. Þetta og margt fleira gefur tilefni til að álykta, að það sé fullkomið rannsóknarefni, hvað kostnaður við byggingar getur minnstur orðið. Virðist eðlilegt, að það komi fram, hvernig á því stendur, að á einum stað á landinu er hægt að byggja hús, sem verða miklu ódýrari en á öðrum sambærilegum stöðum, og í hverju þessi kostnaðarmunur liggur. Ef hér reyndist vera um óeðlilega álagningu verktaka eða annarra að ræða, er sjálfsagt að gera ráðstafanir til að færa slíka álagningu og annan aukakostnað niður, þegar fyrir lægi rökstutt álit um það efni. Er gert ráð fyrir því, að rannsókn sú, sem hér er fyrirhuguð, miðist að nokkru leyti við þetta.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknin beinist að því að fá úr því skorið, hvort hagkvæmt sé að nota ný byggingarefni og nýjar aðferðir við byggingar. Á nýafstaðinni iðnsýningu var m. a. sýnt byggingarefni úr hraungrýti, en það mun lítið hafa verið notað enn þá. Fréttir berast um nýjar byggingaraðferðir, sem reynast vel í öðrum löndum og mætti gera tilraunir með hér. Enn fremur hefur byggingarkostnaður víða verið lækkaður með því að hafa margar byggingar af sömu gerð, þ. e. að reisa fjölda af smáhúsum, sem öll eru eins, eða stórar byggingar með mörgum sams konar íbúðum. Einhverjar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi til að koma upp húsum úr tilbúnum hlerum, en sú aðferð hefur ekki verið fullreynd. Þessi dæmi eru nefnd því til sönnunar, að margt kemur til greina, þegar rætt er um ný byggingarefni og aðferðir, sem lítt eða ekki hafa verið notaðar við húsabyggingar hér á landi.

Hér er ærið verkefni fyrir höndum. Með þeim háa byggingarkostnaði, sem nú tíðkast, er torvelt að vinna bug á húsnæðisskortinum. En fyrsta skrefið til að lækka byggingarkostnaðinn hlýtur að vera í því fólgið að gera sér grein fyrir því, hvaða kostnaðarliðir séu of háir og hvaða nýjar aðferðir séu vænlegastar til þess að byggja ódýrara en nú er gert.